

36. gr.

223

Endurskoðendum greiðist þóknun fyrir störf sín, samkvæmt reikningi sam- 13. des.
þykktum af sýslunefnd.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. desember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

224

15. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hnífsdalsverzlunarstað,
nr. 34 frá 10. apríl 1935.

1. gr.

Í stað „65 aura“ í 8. gr. komi: 2.00 kr.

2. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver bátur, sem gerður er út frá bryggjunni, greiði kr. 40.00 árlega fyrir vatns-
notkun og skal gjald þetta greiðast 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

225

15. des.

um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem
ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, og lok-
aðar ekki síðan en kl. 6 síðdegis.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu skal
öllum búðum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að
hafa sölubúðir opnar til kl. 11 að kvöldi.

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum ekki
síðar en kl. 3 síðd.

225

15. des.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fridag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar. Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Enn fremur eru undanskildar ákvæði þessu þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk, að því er þessar vörur snertir. Þær mega hafa opið frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h. áðurtalda daga.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í verzlunum, á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og aðrar nauðsynjar handa skipum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru í verzlunir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum og renna þær í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt nr. 71 19. maí 1939, um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

226

16. des.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Korta- og bókasafnssjóð Stýrimannaskólans“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Korta- og bókasafnssjóð Stýrimannaskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Korta- og bókasafnssjóður stýrimannaskólans og er eign Stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Viggo Emil Þorgilsson, nemanda skólans, er lézt af slysförum í júní 1941.